

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 6. maí 2008

Hér með fylgir umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna viðauka við EES-samning (Þskj.825 – 524. mál).

Virðingarfyllt



Agúst Sigurðsson
rektor

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn þskj. 825 – 524. mál

Til: Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis
Frá: Landbúnaðarháskóla Íslands

6.5.2008

Hér fylgir umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Frumvarpið felur í sér miklar breytingar sérstaklega hvað varðar innflutning á matvælum. Almennt má búast við að störfum í landbúnaði muni fækka við þessar breytingar auk þess sem hætta aukist á því að hingað berist dýrasjúkdómar. Áhættan varðandi dýrasjúkdóma er þó frekar óljós og ekki víst að hún sé meiri en sú smithætta sem þegar er til staðar vegna innflutnings á fóðri handa dýrum og síaukinn samgang fólks landa á milli. Stór hluti frumvarpsins varðar starfsemi dýralækna og er þar verið að stíga skrefið til fulls sem hafið var 1999 með aðskilnaði þjónustu og eftirlits. Í ljósi þess að frumvarpið sem hér um ræðir boðar mjög miklar breytingar m.a. á umhverfi landbúnaðarins hefði verið æskilegt að greina eins og frekast er kostur hverjar afleiðingarnar verða þannig að staða hagsmunaaðila sé skýrari.

Athugasemdir Landbúnaðarháskóla Íslands við einstaka kafla frumvarpsins:

I. KAFLI

Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Engar athugasemdir

II. KAFLI

Breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

30. gr. Við lið a 10.gr laganna er lagt til að bætist bann við innflutningi mjólkurdufts til fóðrunar á dýrum (sjá aths. við 67. gr. hér neðar).

Óhjákvæmilega felst áhætta í innflutningi á hráum afurðum dýra. Í því samhengi má minna á sjúkdóm í svínum, Vesicular exanthema, sem kom upp á svínabúi á Reykjanesi 1955 og tengdist innflutning á hráum matvælum.

III. KAFLI

Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

35. gr. Um umdæmi héraðsdýralækna. Það er áhyggjuefni að með fyrirhugaðri skipan verður erfiðara að veita almenna dýralæknisþjónustu og óvissa skapast um dýravernd.

36.gr. Um bakvaktir. Ósamræmi gætir þar sem Suðurland, Suðvesturumdæmi, Skagfjörður og Eyjafjörður eru undanskilin.

37. gr. Um almenna dýralæknisþjónustu. Með tilliti til dýraverndar væri farsælla að binda fyrirkomulag almennrar dýralæknisþjónustu í lög en ekki fela ráðherra að setja reglugerð um þjónustuna.

38. gr. Um sérgreinadýralækna. Mótsagnar gætir í greininni þar sem í 2. málsg. segir að hlutverk sérgreinadýralækna sé að vinna að bættu heilbrigði með m.a. almennri fræðslu og forvarnarstarfi. Í 3. málsg. segir svo að sérgreinadýralæknum sé óheimilt að stunda ráðgjöf. Skilgreina þarf störf sérgreinadýralækna betur.

IV. KAFLI

Breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Engar athugasemdir

V. KAFLI

Breytingar á lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

Engar athugasemdir.

VI. KAFLI

Breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

61. gr. Um skilgreiningar. Ekki fæst betur séð en almenn starfsemi á sveitabýli verði skilgreind sem fóður-, áburðar- og sáðvöruyfyrirtæki, skv. 6. lið. Efast er um nauðsyn þess að auka umfang eftilits á þessu sviði. Um er að ræða á 4 þús lögbýli.

67. gr. b. Um notkun dýrapróteins. Í 3. málgrein er kveðið á um bann við fóðrun dýra á dýrapróteini sem unnið er úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund.

Óhjákvæmilega þýðir þetta að nú er bann lagt við notkun mjólkurdufts í eldi kálfa. Þetta getur ekki verið ætlan löggjafans. Aftur á móti, þar sem víst er talið að kúariða hafi borist milli landa með mjólkurdufti er eðlilegt að banna innflutning á mjólkurdufti til fóðrunar dýra.

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands
Ágúst Sigurðsson rektor

